

1705128 - Hænur, umsókn um leyfi til að halda hænur

Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu:

Umsókn, dags. 8. maí 2017, um leyfi til að halda hænur var tekin fyrir á fundi bæjarráðs þann 17. maí sl. Afgreiðsla fundarins var svohljóðandi:

„Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en óskar eftir því að umhverfis- og skipulagsþjónusta gefi umsögn um umsóknina og móti í kjölfarið sérstakar reglur um hæsnahald.“

Samkvæmt 14. gr. samþykktu um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði, sem samþykktar voru í bæjarstjórn 19. desember 2011, segir m.a. að alifuglahald, s.s. hænsni sé einungis heimilt þeim sem bæjarstjórn hefur veitt leyfi til þess. Leyfishafi skal vera lögráða og er bæjarstjórn heimilt að takmarka fjölda dýra og setja skilyrði varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki eru frekari reglur um hæsnahald í Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi sé sé veitt í samræmi við umsókn en leggur þó til að eftirfarandi skilyrði verði sett fyrir leyfisveitingunni:

Með umsókn skal fylgja skriflegt samþykki nágretta sem eiga aðliggjandi lóðir.

Byggingarleyfi fyrir hæsnakofa og girðingar við þá er háð gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Lausaganga hænsna er með öllu óheimil og ber hæsnaeigandi fulla vörsluskyldu. Hæsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hæsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, s.s. vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar. Hæsnaeiganda ber einnig að sjá til þess að hæsnahaldið laði ekki að meindýr.

Leyfilegt er að halda allt að 4 hænur skv. leyfi. Óheimilt með öllu er að halda hana.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hæsnahalds þarf að vera hæfilega stór hæsnakofi sem rúmar þann fjölda af hænum sem leyfi er veitt fyrir. Hæsnakofi fyrir 4 hænur þarf að vera að lágmarki 2 m² að stærð. Í kringum hæsnakofa skal vera hæsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hæsnanna. Hæsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðarmarka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 m.

Hæsnakofi skal vera meindýraheldur. Hæsnafóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 cm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 cm djúp. Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hæsnunum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta, sem að mati sóttvarnarlæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga hænunum í samráði við heilbrigðisnefnd.

Ekki er kveðið á um hæsnahald í skilmálum gildandi deiliskipulags, en áður en leyfi er veitt er óskað eftir að fyrir liggi uppdráttur er sýni staðsetningu, stærð og frágang hæsnakofa í samræmi við ofangreint, ásamt skriflegu samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Óskað var álits bæjarlögmanns við gerð umsagnar þessar.

12.06. 2017

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur